

## Skólaráðsfundur 8.12.2020 kl. 8:15

Mættir voru: Þuríður Óttarsdóttir, Fiona Oliver, Líney Björg Sigurðardóttir, Björg Sigrún Ólafsdóttir, Sölvi Hrannar Jóhannesson, Embla María Möller Atladóttir, Hrefna Margrét Hjaltadóttir, Guðrún Helga Sigfúsdóttir og Svanhildur Ólafsdóttir. Fundarritari Vala Nönn

Þuríður fer yfir niðurstöður úr nemendakönnun - 160 nemendur sem tóku þátt. Könnunin var borin undir persónuverndarfulltrúa áður en hún var lögð fyrir. Góðar niðurstöður - 90% nemenda líður almennt vel í skólanum og tæp 90% hafa kynnst fleiri krökkum í vetur. Meirihluti nemenda er ánægður með matinn, líður vel í kennslustundum og frímínútum og hádegi en einungis 8% segja að það sé alltaf góður vinnufriður og 49% að það sé oftast góður vinnufriður. 70% nemenda segir að þeim gangi oftast vel og 16% alltaf vel. Tæp 80% telja sig geta treyst einhverjum fullorðnum í skólanum fyrir vandamálum sínum. Rúm 90% segjast ekki nota síma í tímum nema með leyfi kennara og 96% gengur vel að fara eftir reglum skólans. Við ætlum að leggja aftur fyrir svona könnun - er forvitnilegt að sjá hvort það er breyting í Covid ástandi - þessi var lögð fyrir áður en ströngu Covid reglurnar voru settar á

Rætt um jólasíði og venjur í nýjum Víkurskóla.

- Jól í skókassa
- Rauður dagur
- Skreytingadagur
- Jólapeysudagur
- Möndlugrautur
- Jólamatur
- Jóluppbrotsdagur með umsjónarkennurum

Hvað segja fulltrúar nemenda um nýjar hefðir?

Það þarf að vera lengri tími til að skreyta stofu - tveir tímar er ekki nóg. Væri gaman að hafa síðustu þrjá dagana fyrir jól ekki með verkefnum bara jólatengt uppbrot svo sem jólafélagsvist og fleiru þess háttar.

Þuríður velti því upp hvort Víkurskóli, sem unglingskóli gæti gefið eitthvað af sér til samfélagsins og eða nærumhverfisins, fyrir jólin? Jól í skókassa er dæmi um það. Það þarf að halda vel utan um það verkefni og skipuleggja betur. Fulltrúi foreldra kom athugasemd varðandi það að það hefðu verið áminningar á Mentor varðandi þetta á hverjum degi - þannig að foreldrar þurfa að vera vakandi fyrir því líka, þetta er samstarfsverkefni heimila og skóla.

Þuríður sér fyrir sér að unglingskóli geti tekið þetta lengra og við gefið meira af okkur. Hún varpaði t.d. fram þeirri hugmynd að skiptast ekki á þökkum í skólanum heldur frekar að færa mæðrastyrksnefnd pakka. Einnig væri hægt að baka og fara með á elliheimilið í hverfinu og gleðja heimilismenn þar, einnig gætu nemendur lesið upp. Eitthvað sem hægt væri að gera í nærsamfélaginu. Væri hægt að hafa skólann sem svona „community center“ - 1. des átti að vera skertur uppbrotsdagur - allskonar hugmyndir sem voru komnar fram varðandi skipulagið en blásið af vegna Covid. Núna höfum við tíma til að þróa góðar hugmyndir fyrir næsta desember. Umræðan um jólaverkefni þarf að vera markviss og byrja snemma.

Ánægja með nemendakönnun, nauðsynlegt að fá að heyra raddir nemenda. Mikilvægt að viðhalda þessum góða árangri og sofna ekki á verðinum þegar niðurstöðurnar eru svona góðar. Væri áhugavert að leggja hana aftur fyrir á covid tímum - kannski aftur í janúar og bera saman.

Fundi slitið kl. 8:45